

2015:3 • 14. ágúst 2015

### Afli, aflaverðmæti og ráðstöfun afla 2014

#### *Catch, value and processing of catch 2014*

#### Samantekt

Árið 2014 var afli íslenskra skipa tæp 1.077 þúsund tonn, 286 þúsund tonnum minna en árið 2013. Aflaverðmæti nam rúnum 136 milljörðum króna og dróst saman um 11% frá fyrra ári. Stærsti hluti aflans var verkaður á Austulandi, að megninu til uppsjávarafla sem þar var landað. Stærstur hluti botnfiskaflans var unninn á höfuðborgarsvæðinu, 19,1% og á Suðurnesjum, 13,4%. Verðmæti aukaafurða sem félru til við vinnslu fiskaflans nam tæpum 5 milljörðum króna á árinu 2013 og stóð nokkurnvegginn í stað á milli ára. Verðmæti aukaafurða telst ekki með inni í heildaraflaverðmæti.

Töflur um afla og aflaverðmæti í þessu hefti byggjast á vigtar- og ráðstöfunarskýrslum sem Fiskistofa safnar frá fiskkaupendum, umfjöllun um afla og aflaverðmæti er byggð á vigtarskýrslum og verkun aflans á ráðstöfunarskýrslum.

#### Heildarafla íslenskra skipa

*Fiskafli 2014 var tæp 1.077 þúsund tonn og dróst saman um 21% milli ára*


Heildarafla íslenskra skipa árið 2014 nam tæpum 1077 þúsund tonnum og var 21% eða tæplega 286 þúsund tonnum minni en árið 2013, en þá var hann um 1.363 þúsund tonn. Afli botnfisks dróst saman um tæplega 31 þúsund tonn, 6,7% á milli ára, þrátt fyrir aukningu um 0,7% í þorskafla á meðan afli annarra botnfisktegunda dróst saman. Ýsuafli dróst saman um 21,2%, ufsaafli um 19,8%, karfaafli um 4,6% og úthafskarfi um 71,1%. Skel- og krabbadýraafli dróst saman um 22,3% og munar þar mest um tæplega 3,3 þúsund tonnum minni rækjuafla. Humarafla jókst um 241 tonn eða 14% frá árinu 2013.

Í heildarafla uppsjávarfisktegunda varð samdráttur um tæplega 370 þúsund tonn, sem er 37,2% minnkun miðað við árið 2013. Þar af dróst loðnuafli saman um rúm 337 þúsund tonn, 76,1%. Síldarafla jókst um 55% á milli ára, kolmunni um 70,7% og makrill um 10,8%. Flatfiskafla dróst einnig saman, úr rúnum 25 þúsund tonnum árið 2013 í rúm 19 þúsund tonn árið 2014, sem er 23,8% samdráttur.

Árið 2014 nam uppsjávarafla 57,9% af heildaraflanum, botnfiskafla var 22,1%, flatfiskafla 1,8% og afli skel- og krabbadýra var 1%.



**Mynd 1. Heildarafli íslenskra fiskiskipa 1992–2014**  
*Figure 1. Total catch of Icelandic vessels 1992–2014*




### Aflaverðmæti


Aflaverðmæti tæpir 136 milljarðar króna  
*milljarðar króna*

Botnfiskur er 67,5% af aflaverðmætinu en einungis 39,3% af aflamagni. Uppsjávartegundir teljast um 24,6% af aflaverðmætum en voru 57,9% af aflamagni. Bæði skel- og krabbadyr og flatfiskur vega einnig nokkuð meira í heildaraflaverðmæti en heildarmagnhlutfallið eitt segir til um.

**Mynd 2. Verðmæti heildarafla 2006–2014 á föstu verðlagi ársins 2014**  
*Figure 2. Value of total catch 2006–2014 at fixed 2014 prices*



**Mynd 3. Hlutfall afli og aflaverðmætis 2013-2014**  
**Figure 3. Proportion of catch and catch value 2013-2014**



**Tafla 1. Aflamagn og meðalverð helstu tegunda og breyting 2013–2014**  
**Table 1. Changes in volume and average price of major species 2013–2014**

	<b>Heildaraflí Total catch</b>			<b>Mism., tonn Diff., tonnes</b>	<b>Mism., % Diff. %</b>	<b>Meðalverð Average prices</b>		<b>Mism., % Diff. %</b>
		<b>Tonn 2013</b>	<b>Tonnes 2014</b>			<b>2013</b>	<b>2014</b>	
<b>Heildaraflí Total catch</b>	<b>1.362.790</b>	<b>1.076.874</b>	<b>-285.916</b>		<b>-21,0</b>	<b>112</b>	<b>127</b>	<b>12,9</b>
<b>Botnfiskur Demersal catch</b>	<b>453.936</b>	<b>423.303</b>	<b>-30.632</b>		<b>-6,7</b>	<b>205</b>	<b>217</b>	<b>6,0</b>
Porskur Cod	236.051	237.756	1.705		0,7	201	223	11,2
Ýsa Haddock	45.471	35.814	-9.657		-21,2	266	289	8,5
Ufsi Saithe	57.416	46.051	-11.365		-19,8	171	171	0,1
Karfi Redfish	60.373	57.605	-2.768		-4,6	230	229	-0,6
Úthafskarfi Oceanic redfish	8.617	2.436	-6.181		-71,7	248	240	-3,3
<b>Flatfiskafli Flatfish catch</b>	<b>25.236</b>	<b>19.237</b>	<b>-5.999</b>		<b>-23,8</b>	<b>390</b>	<b>368</b>	<b>-5,7</b>
Grálúða Greenland halibut	14.998	9.911	-5.087		-33,9	520	519	-0,2
Skarkoli Plaice	5.979	5.928	-51		-0,9	181	195	7,7
<b>Uppsjáv.aflí Pelagic catch</b>	<b>992.887</b>	<b>623.247</b>	<b>-369.641</b>		<b>-37,2</b>	<b>42</b>	<b>40</b>	<b>-3,7</b>
Síld Herring	65.407	101.368	35.961		55,0	63	59	-6,9
Norsk-íslensk síld								
Atlantic-Scandian herring	65.407	101.368	35.961		55,0	63	59	-6,9
Loðna Capelin	92.039	56.527	-35.512		-38,6	70	62	-11,1
Loðnuhrógn Capelin roe	442.780	105.736	-337.044		-76,1	35	30	-13,8
Kolmunni Blue whiting	8.243	6.322	-1.921		-23,3	88	120	36,6
Makríll Atlantic mackerel	107.053	182.777	75.724		70,7	28	26	-8,2
	153.815	170.458	16.643		10,8	100	90	-10,6
<b>Skel- og krabbaaflí</b>								
<b>Shellfish catch</b>	<b>14.275</b>	<b>11.086</b>	<b>-3.188</b>		<b>-22,3</b>	<b>313</b>	<b>519</b>	<b>65,8</b>
Humar Lobster	1.724	1.964	241		14,0	469	532	13,5
Rækja Shrimp	10.857	7.594	-3.263		-30,1	329	334	1,6
<b>Annar aflí Miscellaneous</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>0</b>		<b>0,2</b>	<b>51</b>	<b>130</b>	<b>155,0</b>

**Tafla 2. Aflaverðmæti helstu tegunda og breyting á milli ára 2013–2014**  
**Table 2. Catch value of major species and changes from previous year 2013–2014**

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	2013	2014	Mismunur <i>Difference</i>	Mism., % <i>Diff., %</i>
<b>Heildarverðmæti <i>Total value</i></b>	<b>152.752</b>	<b>136.000</b>	<b>-16.752</b>	<b>-11,0</b>
<b>Botnfiskur <i>Demersal catch</i></b>	<b>93.104</b>	<b>92.026</b>	<b>-1.078</b>	<b>-1,2</b>
Þorskur <i>Cod</i>	47.341	53.040	5.699	12,0
Ýsa <i>Haddock</i>	12.097	10.336	-1.761	-14,6
Ufsi <i>Saithe</i>	9.805	7.872	-1.933	-19,7
Karfi <i>Redfish</i>	13.876	13.167	-709	-5,1
Úthafskarfi <i>Oceanic redfish</i>	2.137	584	-1.553	-72,7
<b>Flatfiskafli <i>Flatfish catch</i></b>	<b>9.841</b>	<b>7.073</b>	<b>-2.768</b>	<b>-28,1</b>
Grálúða <i>Greenland halibut</i>	7.796	5.144	-2.652	-34,0
Skarkoli <i>Plaice</i>	1.084	1.158	74	6,8
<b>Uppsjávarafli <i>Pelagic catch</i></b>	<b>45.339</b>	<b>33.498</b>	<b>-11.841</b>	<b>-26,1</b>
Sild <i>Herring</i>	4.129	5.955	1.826	44,2
Norsk-íslensk síld <i>Atlantic-Scandian herring</i>	6.418	3.504	-2.915	-45,4
Loðna <i>Capelin</i>	15.635	3.218	-12.417	-79,4
Loðnuhrogn <i>Capelin roe</i>	723	758	35	4,8
Kolmunni <i>Blue whiting</i>	3.029	4.746	1.718	56,7
Makrill <i>Atlantic mackerel</i>	15.403	15.264	-139	-0,9
<b>Skel- og krabbaafli <i>Shellfish catch</i></b>	<b>4.468</b>	<b>3.713</b>	<b>-755</b>	<b>-16,9</b>
Humar <i>Lobster</i>	808	1.045	237	29,3
Rækja <i>Shrimp</i>	3.570	2.538	-1.032	-28,9
<b>Annar afli <i>Miscellaneous catch</i></b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>

## Porskur

*Magn og verðmæti borskaflans jókst á milli ára*

Porskaflinn árið 2014 var 22,1% heildaflans, eða tæp 238 þúsund tonn, sem er 4,8% aukning frá árinu 2013.

Porskur er verðmætasta fisktegundin sem fyrr, en aflaverðmæti þorsks nam rúnum 53 milljörðum króna árið 2014 eða 38,9% af heildaflaverðmæti ársins. Aflaverðmæti þorsks jókst um 12% á milli ára, eða um tæplega 5,7 milljarða króna. Tæplega 70% þorskaflans var seldur í beinum viðskiptum, þ.e. þegar útgerð selur milliliðalaust til vinsslustöðvar. Verðlag á beinum viðskiptum með þorskafla hækkaði um 10,7% á milli ára, en raunverðshækkun var um 13,1%. Af heildarþorskaflanum fór 12,7% í sjófrystingu og jókst verðgildi þess afla um 27,9% (raunverð hækkaði um 18,5% vegna hækkunar á verðvísitölu sjávarafurða á milli ára) milli ára. 15,4% þorskaflans var seldur á innlendum mörkuðum. Verðhækkun á þeim afla var 7,6% á milli ára (9,9% raunverðshækkun).


**Tafla 3. Viðskipti með þorsk 2012–2014**  
**Table 3. Cod trading 2012–2014**

	2012	2013	2014
<b>Bein viðskipti Direct trade</b>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	135.587	155.660	166.998
% af heildarporskafla <i>% of total cod catch</i>	66,2	65,9	69,6
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg.)</i>	217	179	199
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	-6,6	-17,3	10,7
Raunverð <sup>1</sup> <i>Real price (ISK pr. kg)<sup>1</sup></i>	199	176	199
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	-6,3	-11,8	13,1
<b>Sjófryst Frozen at sea</b>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	31.550	36.839	30.525
% af heildarporskafla <i>% of total cod catch</i>	15,4	15,6	12,7
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	285	222	285
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	2,8	-21,9	27,9
Raunverð <sup>1</sup> <i>Real price (ISK pr. kg)<sup>1</sup></i>	265	240	285
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	-5,2	-9,2	18,5
<b>Innlendir markaðir Trading on domestic markets</b>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	32.940	38.693	36.921
% af heildarporskafla <i>% of total cod catch</i>	16,1	16,4	15,4
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	295	256	275
Verðbr. frá fyrra ári % <i>Price change from previous year, %</i>	-4,8	-13,2	7,6
Raunverð <sup>1</sup> <i>Real price (ISK pr. kg)<sup>1</sup></i>	271	250	275
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	-4,6	-7,5	9,9


<sup>1</sup> Raunverð (kr./kg) fært yfir á fast verðlag ársins 2014. *Average price (ISK pr. kg) at fixed 2014 prices.*

**Heimild** *Source:* Vigtarskýrslur. *Weight reports.*


**Mynd 4. Porskaflí 1983–2014**  
**Figure 4. Cod catch 1983–2014**



**Mynd 5. Meðalverð þorsks eftir mánuðum 2014**  
*Figure 5. Average price of cod by months in 2014*



**Mynd 6. Veiðarfæraskipting þorskafla 2008–2014**  
*Catch of cod by fishing gear 2008–2014*



## Ýsa

Samdráttur í bæði magni og verðmæti ýsuaflans

Á árinu 2014 veiddust tæplega 36 þúsund tonn af ýsu, sem er tæpum tíu þúsund tonnum minna en árið áður. Verðmæti ýsuaflans nam rúnum 10 milljörðum sem er 14,6% samdráttur á milli ára. Rúmlega 41% ýsuaflans var seldur í beinum viðskiptum, 5,9% var flutt út í gánum og 44,8% selt á innlendum mörkuðum. Verð á ýsu í beinum viðskiptum jókst um 6,9% og raunverðshækken varð einnig um 6,9% samkvæmt verðvísitölu ársins 2014. Bæði verð og raunverð miðað við vísitölu fyrir ýsu selta á innlendum mörkuðum hækkaði um 7,9% frá fyrra ári.


**Tafla 4. Viðskipti með ýsu 2012–2014**  
*Table 4. Haddock trading 2012–2014*

	2012	2013	2014
<b>Bein viðskipti Direct trade</b>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	18.862	16.563	14.916
% af heildarýsuafla <i>% of total haddock catch</i>	39,5	36,3	41,3
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	211	226	242
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	8,7	7,0	6,9
Raunverð <sup>1</sup> <i>Real price (ISK pr. kg)<sup>1</sup></i>	194	226	242
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	9,0	16,5	6,9
<b>Sjófryst fyrir gámaviðskipti Trading in containers</b>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	4.305	2.704	2.116
% af heildarýsuafla <i>% of total haddock catch</i>	9,0	5,9	5,9
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	294	317	336
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	7,7	7,9	6,1
Raunverð <sup>1</sup> <i>Real price (ISK pr. kg)<sup>1</sup></i>	329	317	336
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	-4,9	-3,6	6,1
<b>Innlendir markaðir Trading on domestic markets</b>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	15.318	16.184	16.184
% af heildarýsuafla <i>% of total haddock catch</i>	32,0	35,4	44,8
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	284	297	320
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	7,7	4,5	7,9
Raunverð <sup>1</sup> <i>Real price (ISK pr. kg)<sup>1</sup></i>	261	297	320
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	8,0	13,8	7,9


<sup>1</sup> Raunverð (kr./kg) fært yfir á fast verðlag ársins 2014. *Average price (ISK pr. kg) at fixed 2014 prices.*

**Heimild** *Source:* Vigtarskýrslur. *Weight reports.*


**Mynd 7. Ýsuaflí 1983–2014**  
*Figure 7. Haddock catch 1983–2014*



**Mynd 8. Meðalverð ýsu eftir mánuðum 2014**  
*Figure 8. Average price of haddock by months in 2014*



**Mynd 9. Veiðarfæraskipting ýsuafla 2008–2014**  
*Figure 9. Catch of haddock by fishing gear 2008–2014*



## Ufsi

Minna veitt af ufsa árið 2014  
 en árið áður

Heildarafla ufsa nam rúnum 46 þúsund tonnum sem er um 11 þúsund tonnum minna en árið 2013. Aflaverðmæti ufsa minnkaði um 19,7% frá fyrra ári eða um tæplega 2 milljarða króna. Í beinum viðskiptum seldust 53,3% aflans og lækkadí verð þess afla um 0,6% frá árinu 2013 (1,5% hækkun á raunverði). Um 34,6% aflans var sjófrystur og hækkaði verð þess afla um 15,3% frá fyrra ári (6,7% hækkun á raunverði vegna hækkunar á verðvísítölu sjávarafurða á milli ára). Af heildarafla ufsa 2014 fór 11,7% á innlenda markaði. Meðalverð í þessum viðskiptum jókst um 11,7% sem er 14,1% raunverðshækkun.


**Tafla 5. Viðskipti með ufsa 2012–2014**  
**Table 5. Saithe trading 2012–2014**


	2012	2013	2014
<b>Bein viðskipti Direct trade</b>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	22.275	19.923	24.555
% af heildarufsafla % of total saithe catch	43,7	34,7	53,3
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	135	128	127
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	16,5	-4,9	-0,6
Raunverð <sup>1</sup> <i>Real price (ISK pr. kg)<sup>1</sup></i>	124	126	127
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	16,8	1,3	1,5
<b>Sjófryst Frozen at sea</b>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	19.879	28.401	15.924
% af heildarufsafla % of total saithe catch	39,0	49,5	34,6
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	243	206	238
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	-2,8	-15,2	15,3
Raunverð <sup>1</sup> <i>Real price (ISK pr. kg)<sup>1</sup></i>	226	223	238
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	-10,4	-1,4	6,7
<b>Innlendir markaðir Trading on domestic markets</b>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	8.321	8.943	5.410
% af heildarufsafla % of total saithe catch	16,3	15,6	11,7
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	181	152	170
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	1,0	-15,7	11,7
Raunverð <sup>1</sup> <i>Real price (ISK pr. kg)<sup>1</sup></i>	169	149	170
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	1,3	-12,0	14,1

<sup>1</sup> Raunverð (kr./kg) fært yfir á fast verðlag ársins 2014. *Average price (ISK pr. kg) at fixed 2014 prices.*

**Heimild** *Source:* Vigtarskýrslur. *Weight reports.*

**Mynd 10. Ufsaafli 1983–2014**  
**Figure 10. Saithe catch 1983–2014**




**Mynd 11. Meðalverð ufsa eftir mánuðum 2014***Figure 11. Average price of saithe by months in 2014*

## Karfi

Karfaafli minnkaði um 4,6 % og verðmætið lækkaði um 5,1%

Karfaafli minnkaði um 4,6% frá árinu 2013 og var tæp 58 þúsund tonn. Aflaverðmæti karfans voru rúmir 13 milljarðar króna, sem er um 5,1% minna en árið áður. Mestur hluti karfaaflans var sjófrystur eða 54,7%. 23,5% aflans var seldur í beinum viðskiptum og 12,3% aflans var seldur í gánum. Verð í beinum viðskiptum lækkaði um 5,2% frá fyrra ári (3,2% raunlækkun). Verð á sjófryustum ufsa hækkaði um 4,7% (3,1% lækkun á raungengi ársins 2014) og verð á gámafiski lækkaði um 10,7% (0,8% raunlækkun).

**Mynd 12. Karfaafli 1983–2014***Figure 12. Redfish catch 1983–2014*

**Tafla 6. Viðskipti með karfa 2012–2014**  
**Table 6. Redfish trading 2012–2014**


	2012	2013	2014
<b>Bein viðskipti Direct trade</b>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	12.365	13.631	13.586
% af heildarkarfaafla <i>% of total redfish catch</i>	22,3	22,5	23,5
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	181	176	167
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	0,2	-2,8	-5,2
Raunverð <sup>1</sup> <i>Real price (ISK pr. kg)<sup>1</sup></i>	166	172	167
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	0,5	3,6	-3,2
<b>Í gáma til útflutnings Trading in containers</b>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	5.955	5.806	7.124
% af heildarkarfaafla <i>% of total redfish catch</i>	10,7	9,6	12,3
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	354	348	311
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	4,0	-1,7	-10,7
Raunverð <sup>1</sup> <i>Real price (ISK pr. kg)<sup>1</sup></i>	299	313	311
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	16,6	4,9	-0,8
<b>Sjófryst Frozen at sea</b>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	32.851	35.856	31.572
% af heildarkarfaafla <i>% of total redfish catch</i>	59,2	59,3	54,7
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	279	232	242
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	-2,5	-17,1	4,7
Raunverð <sup>1</sup> <i>Real price (ISK pr. kg)<sup>1</sup></i>	260	250	242
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	-10,2	-3,7	-3,1

<sup>1</sup> Raunverð (kr./kg) fært yfir á fast verðlag ársins 2014. *Average price (ISK pr. kg) at fixed 2014 prices.*

**Heimild** *Source:* Vigtarskýrslur. *Weight reports.*

**Mynd 13. Meðalverð karfa eftir mánuðum 2014**

*Figure 13. Average price of redfish by months in 2014*



## Úthafskarfi

*Veiði á úthafskarfa dróst  
saman á milli ára*

Afl úthafskarfa dróst saman um 71,7% á milli ára og nam rúmum 2.400 tonnum samanborið við rúmlega 8.600 tonn árið 2013. Aflaverðmæti var tæpar 600 milljónir sem er samdráttur um 72,7% frá fyrra ári. Allur veiddur úthafskarfi var frystur um borð.


## Grálúða

*Mikill samdráttur í grálúðuafla*

Grálúðuaflinn var tæplega 10 þúsund tonn árið 2014 sem er 33,9% minni afli en árið 2013. Heildarverðmæti grálúðuaflans nam rúmlega 5 milljörðum sem er 34% verðsamdráttur frá árinu áður. Um 94% veiddrar grálúðu fór í sjófrystingu en tæplega 4% í verkun innanlands, rest fór á fiskmarkaði og í gáma.

### Mynd 14. Grálúðuafli 1983–2014

*Figure 14. Greenland halibut catch 1983–2014*




## Rækja

*Samdráttur í rækjuafla*

Rækjuafli á árinu 2014 var rúmlega 7,5 þúsund tonn sem er 30% samdráttur frá árinu 2013 þegar rækjuafli var 10,8 þúsund tonn. Aflaverðmæti rækju var um 2,5 milljarðar króna samanborið við 3,5 milljarða króna árið 2013. Tæplega 89% rækjuafans var seldur beint til verkunar innanlands á meðan um 11% var frystur.

**Mynd 15. Rækjuafli 1983–2014**  
*Figure 15. Shrimp catch 1983–2014*



## Síld

*Aukning í afla og aflaverðmæti síldar*


Síldaraflanum er hér skipt annars vegar í íslenska sumargotssíld og hins vegar norsk-íslenska síld. Rúm 101 þúsund tonn veiddust af íslensku sumargotssíldinni sem er um 55% meira en árið 2013. Aflaverðmæti jókst um 44,2% og nam tæplega 6 milljörðum króna árið 2014.

## Norsk-íslensk síld


*Aflasamdráttur í norsk-íslenskri síld milli ára*

Afli norsk-íslensku síldarinnar var rúmlega 56 þúsund tonn, sem er 35,5 þúsund tonnum minna en árið 2013, eða 38,6% aflasamdráttur. Aflaverðmætið var rétt rúmlega 3,5 milljarðar króna sem er 45,4% minna en árið áður.

**Mynd 16. Síldaraflí 1983–2014**  
*Figure 16. Herring catch 1983–2014*



**Mynd 17. Veiðarfæraskipting síldarafla 1993–2014<sup>1</sup>**  
*Figure 17. Catch of herring by fishing gear 1993–2014<sup>1</sup>*




<sup>1</sup> Síld og norsk-íslensk síld. *Herring and Norwegian spring-spawning herring.*

## Loðna

*Mikill samdráttur varð í loðnuafla*

Loðnuafli var tæplega 106 þúsund tonn á árinu 2014 samanborið við tæp 443 þúsund tonn árið áður, sem er rúmlega 76% samdráttur. Magn landaðra loðnuhrogna dróst einnig saman og var 23,3% minna en árið áður. Aflaverðmæti loðnu var tæplega 80% minna en á fyrra ári, dróst saman úr 15,6 milljörðum króna árið 2013 í 3,2 milljarða króna árið 2014. Verðmæti loðnuhrogna dróst saman um 35%.

**Mynd 18. Loðnuafli (loðna og loðnuhrogna) 1983–2014**  
*Capelin catch (capelin and capelin roe) 1983–2014*




*Verðlækkun á makríl og mun meiri veiði á kolmunna*

## Annar uppsjávaraflí

Makrílaflinn var rúm 170 þúsund tonn sem er 16,6 þúsund tonna aukning frá árinu 2013. Aflaverðmæti minnkaði hins vegar um um 139 milljónir frá fyrra ári og nam nærrí 15,3 milljörðum króna. Kolmunnaaflinn var tæp 183 þúsund tonn sem er aukning upp á 70% frá árinu 2013. Aflaverðmæti kolmunnans var um 4,7 milljarðar sem er 1,7 milljarði meira, og um 57% aukning frá 2013.

### Mynd 19. Annar uppsjávaraflí 2000–2014

Figure 19. Other pelagics 2000–2014



## Afli eftir kvótaflokkum skipa

Skip með aflamark veiddu 56,2% heildaraflans

Skip með aflamark lönduðu um 605 þúsund tonnum árið 2014 sem er 56,2% af heildarafla ársins. Breyting milli ára er óveruleg, eða 0,2% lægra hlutfall en 2013. Botnfiskafla skipanna var tæp 143 þúsund tonn, eða 33,7% botnfiskaflans. Þar af var þorskafli þeirra rúmlega 89 þúsund tonn eða 37,5% þorskaflans. Flatfiskaflinn var tæp 8,9 þúsund tonn, eða 46,2% af heildarafla flatfisks.

Skip með aflamark veiddu 71,4% uppsjávaraflans og 75,9% af skel- og krabba-dýraflanum.

Togarar veiddu 35,5% heildaraflans

Togarar veiddu 35,5% heildaraflans árið 2014 eða sem nam 382,3 þúsund tonnum sem er um 24% minnkun frá árinu 2013. Botnfiskafla þeirra var rúm 199 þúsund tonn sem er um 47,2% alls botnfiskafla og hlutur þorskafla var þar af um 93,5 þúsund tonn sem er 47,2% heildarþorskaflans. Flatfiskafla togara var tæp 10 þúsund tonn eða 51,8% flatfiskaflans, sem var 92% grálúða. Togarar veiddu tæp 171 þúsund tonn af uppsjávarafla eða 27,4% af öllum uppsjávarfiski og 24,1% af skel- og krabbadýraflanum.

Heildaraflí smábáta var rúmlega 88 þúsund tonn

Kvótaflokkar smábáta voru þrenns konar á árinu 2014. Það voru smábátar með aflamark, krókaflamarksbátar og strandveiðibátar, en síðastnefndi flokkurinn telst hvorki til aflamarks né krókaflamarks. Samanlagður afli báta í þessum flokkum var rúmlega 88 þúsund tonn eða 8,2% heildaraflans. Þar af voru tæp 80 þúsund tonn botnfiskafla og nam þorskafli þeirra rúmum 54 þúsund tonnum sem nemur 23% heildarþorskaflans.

*Krókaaflamarksbátar með 41  
þúsund tonn af þorski*

Aflí krókaaflamarksbáta nam tæpum 69 þúsund tonnum og var 60,3% þess afla þorskur eða rúmlega 41 þúsund tonn sem er 17,5% af heildarafla þorsks. Ýsuaflí þessara báta var rúm 10 þúsund tonn eða 28,3% ýsuaflans. Heildaraflí smábáta með aflamark var rúm 10,3 þúsund tonn á árinu 2014 og hlutur strandveiða voru rúmlega 8,7 þúsund tonn. Frekari tölur um skiptingu aflans eftir kvótaflokkum er að finna í töflu 8 og 19 og í [veftöflum](#) á vef Hagstofu Íslands.

### **Aflaverðmæti eftir tegund löndunar**

*Verðmæti afla sem seldur er í  
beinni sölu útgerða til vinnslu  
um 49,5% af aflaverðmæti*

Árið 2014 nam verðmæti þess afla sem seldur var í beinni sölu útgerðar til vinnslustöðva rúmlega 67,4 milljörðum króna, sem er um 49,5% af heildaraflaverðmæti. Verðmæti sjófrystra afurða var um 44 milljarðar eða 32,3% af aflaverðmæti. Verðmæti fisks sem fluttur var óunninn út í gánum voru tæpir 4,3 milljarðar. Aflaverðmæti fisks sem keyptur var á markaði til vinnslu innanlands var 19,7 milljarðar króna eða um 14,5% heildaraflaverðmætis. Verðmæti afla sem landað var beint erlendis til bræðslu nam rúmum 39 milljónum króna. Nánari tölur um aflaverðmæti ársins 2014 eftir tegund löndunar er að finna í töflum 9 til 11 og í [veftöflum](#) á vef Hagstofunnar.

### **Staðsetning löndunar — hvar var fiskinum landað?**

*Mestu landað á Austfjörðum en  
minnstu á Norðurlandi vestra*

Af þeim tæplega 1.077 þúsund tonnum sem landað var af íslenskum skipum árið 2014 var mestu landað á Austurlandi eða rúmlega 301 þúsund tonnum, en það eru um 28% heildaraflans. Næst mestu var landað á Norðurlandi eystra, 182,5 þúsund tonnum eða 16,9% af heildarafla. Minnstum afla var landað á Norðurlandi vestra, tæpum 31 þúsund tonnum sem eru um 2,8% heildaraflans.

*Porskaflí mestur á Norðurlandi  
eystra*

Stærstum hluta botnfisks var landað á Norðurlandi eystra, tæpum 78 þúsund tonnum, eða rúmum 18% botnfiskaflans. Þar var landað mest af þorski, rúmlega 52 þúsund tonnum sem er 22% af porskaflanum. Aðrar botnfisktegundir voru ekki nema 25,5 þúsund tonn á Norðurlandi eystra. Tæplega 41 þúsund tonn af þorskafla fóru til Suðurnesja og um 39 þúsund tonnum var landað á Vesturlandi. Þá fóru tæp 27 þúsund tonn af þorskafla til Vestfjarða og rúm 14 þúsund tonn til Norðurlands vestra.

Tæp 22 þúsund tonn af þorski fóru til höfuðborgarsvæðisins. Rúmlega 23,5 þúsund tonnum var landað á Austurlandi og 19 þúsund tonnum á Suðurlandi. Ýsuaflinn skiptist tiltölulega jafnt milli landsvæða en þó var minnst af honum landað á Norðurlandi vestra, tæpum þúsund tonnum.

*Mestu hlutfalli af flatfiski landað  
á höfuðborgarsvæðinu*

Á höfuðborgarsvæðið barst einna mest af flatfiski á land á árinu 2014 eða 4,5 þúsund tonn sem er 23,7% flatfiskaflans. Uppistaða flatfiskaflans var að mestu grálúða, sem nam 3,6 þúsund tonnum á höfuðborgarsvæðinu.

*Mestu magni af kolmunna  
landað á Austurlandi*

Um 41,4% af heildarafla uppsjávarfisks var landað á Austurlandi og nam aflinn 258 þúsund tonnum. Af þeim afla var kolmuni 99 þúsund tonn. Næst mestu var landað af uppsjávarfiski á Suðurlandi, tæpum 130 þúsund tonnum, þar af var makrill tæp 40 þúsund tonn. Magn landaðs makrílafla var tæp 44 þúsund tonn á Austurlandi og um 32 þúsund tonn á Norðurlandi eystra.

*Mestu landað af rækju á  
Suðurnesjum og humri á  
Suðurlandi*

Á Suðurnesjum var rúmlega 1,4 þúsund tonnum af rækju landað á árinu 2014 sem eru 18,8% af heildarafla rækju. Sem fyrr er humaraflinn mestur á Suðurlandi en þar var landað rúmum 1,3 þúsund tonnum sem er 69,3% humaraflans. Nær engum afla

var landað af kúfiski á árinu 2014. Nánari tölur um skiptingu aflans eftir staðsetningu löndunar er að finna í töflu 15 og í [veftöflum](#) á vef Hagstofunnar.

## **Verkunarsvæði – hvar var aflinn unninn?**<sup>1</sup>

### *Austurland með mesta magnið*

Samkvæmt ráðstöfunarskýrslum fiskverkenda var unnið úr mestu magni fisks á Austurlandi, rúmlega 446 þúsund tonnum sem er 41,4% heildaraflans. Því næst kemur Suðurland með rúm 154 þúsund tonn eða 14,3% heildaraflans. Minnst var verkað af fiski á Norðurlandi vestra, rúm 50 þúsund tonn, eða 4,7% aflans.

### *Höfuðborgarsvæðið stærst í botnfiski en mest af þorski verkað á Norðurlandi eystra*

Botnfiskaflinn var að mestu unninn á höfuðborgarsvæðinu eða tæp 81 þúsund tonn og eru það 19,1% botnfiskaflans en næst á eftir koma Suðurnes með rúmlega 56 þúsund tonn. Stærstur hluti þorskaflans fór til vinnslu á Norðurlandi eystra, tæp 37 þúsund tonn eða 15,5% þorskaflans, en 36 þúsund tonn voru unnin á Austurlandi. Um 15% ýsuaflans voru unnin á Vestfjörðum, eða rúm 5 þúsund tonn. Stærsti hluti ufsaaflans fór til vinnslu á höfuðborgarsvæðinu, tæp 17 þúsund tonn eða 37% af ufsa. Tæplega 49% karfaaflans voru einnig unnin á höfuðborgarsvæðinu eða rúm 28 þúsund tonn.

### *Suðurnes og höfuðborgarsvæðið stærst í flatfiski*

Á höfuðborgarsvæðinu var unnið úr rúmlega 27% flatfiskaflans, en um 15% á Suðurlandi. Þar af voru um 4,6 þúsund tonn af grálúðu verkuð á höfuðborgarsvæðinu. Norðurland vestra og -eystra tóku á móti rúmlega 1,5 þúsund tonnum af grálúðu til vinnslu hvor landshlutti. Afli skarkola var tæp 6 þúsund tonn og var að mestu unninn á Vesturlandi (24,4%) og á Suðurnesjum (21,4%).

### *Austurland stærst í uppsjávartegundum*

Um 62,7% uppsjávaraflans var unnin á Austurlandi, þar af voru 82,2% kolmunnans unnin eða um 150 þúsund tonn. Einnig voru 52,6% loðnuaflans og 48,3% makríl-aflans unnin á Austurlandi.

### *Mest unnið úr skel- og krabbadýraafla á norðvesturlandi*

Á Norðurlandi vestra voru unnið úr rúmlega 2,9 þúsund tonnum af skelfiski og krabbadýrum sem er rúm 26% þess afla. Mestur humar var tekinn til vinnslu á Suðurlandi eða tæp 1.300 tonn, sem er 65,7% humaraflans. Nánari tölur um skiptingu aflans eftir staðsetningu löndunar er að finna í töflu 15 og í [veftöflum](#) á vef Hagstofunnar.

## **Aflaverðmæti eftir staðsetningu aflakaupenda**

### *Mest aflaverðmæti voru keypt á Höfuðborgarsvæðinu*

Aflaverðmæti 2014 var rúmlega 136,3 milljarðar króna og voru það aflakaupendur á höfuðborgarsvæðinu sem keyptu mest af heildaraflaverðmætinu, 34 milljarða eða 24,9%, og er það mest botnfiskafla, 27,7 milljarðar. Með aflakaupanda er hér átt við móttökuaðila aflans, hvort heldur sem hann t.d. kaupir aflann á markaði eða gerir út skip sem landar aflenum til aðilans sjálfs án þess að hann fari á markað. Ekki er tekið tillit til viðskipta milli vinnslustöðva. Önnur landsvæði voru með lægra hlutfall aflans, Suðurnes með 16,4%, Austurland með 13,8% og Norðurland eystra með 13,3%.

Nánari tölur um staðsetningu aflakaupenda er að finna í töflu 16 og í [veftöflum](#).

<sup>1</sup> Þar með talinn afli vinnsluskipa sem gerð eru út frá svæðinu.

## Tegund vinnslu

*57% heildaraflans fór í frystingu*

Tæplega 57% þess afla sem íslensk skip lönduðu árið 2014 var ráðstafað til frystingar eða um 614 þúsund tonn. Í landfrystingu fóru 376 þúsund tonn eða 34,9% aflans og 22,1% voru fryst um borð eða um 238 þúsund tonn. Tær 285 þúsund tonn fóru í braðslu eða 26,4% heildaraflans. Af botnfiskaflanum voru 159,8 þúsund tonn fryst í landi sem eru 37,5% botnfishs og 22,2% voru fryst um borð eða rúm 94 þúsund tonn.

*Af þorski var meira fryst í landi en sjófryst*

Af þorskaflanum var mest fryst í landi, rúm 101 þúsund tonn eða 42,5% aflans. Um 21,4% aflans fóru í salt, sem gera tæplega 51 þúsund tonn og rúm 43 þúsund tonn eða 18,3% voru flutt út ísuð með flugi.

*43% ýsuaflans var frystur í landi*

Tæplega 43% ýsuaflans voru fryst í landi eða rúm 15 þúsund tonn. Um 8,5 þúsund tonn voru ísuð í flug, sem er um 23,7% ýsuaflans, en 16,2% aflans voru sjófryst eða 5,8 þúsund tonn.

*Meira en helmingur karfaaflans sjófrystur*

Karfaaflinn árið 2014 var að stærstum hluta sjófrystur, rúm 31 þúsund tonn eða 54,8%. Í landfrystingu fóru tær 12 þúsund tonn eða 20,3% aflans og 9.400 tonn voru send utan ísuð í gánum sem gera 16,3%. Nánari tölur um skiptingu aflans eftir tegund vinnslu er að finna í töflu 16 og í [veftöflum](#).


## Aukaafurðir

*51 þúsund tonn af aukaafurðum*

Á árinu 2014 voru aukaafurðir sjávarútvegsins rúmlega 51 þúsund tonn. Hér er átt við þyngd afurðanna en ekki kíló af fiski upp úr sjó. Mest féll til af afskurði eða um 29 þúsund tonn, rúm 12 þúsund tonn af lifur voru hirt og rúm 2.300 tonn af hrognum. Af öðrum aukaafurðum má nefna að rúm 6 þúsund tonn af hausum voru nýtt og um 584 tonn unnin af mjöli. Stærsti hluti þessara afurða fellur til vegna bræðslu eða tær 32 þúsund tonn, af því taldist afskurður vera um 27 þúsund tonn. Einnig bárust tær 9 þúsund tonn af aukaafurðum á land af frystiskipum, þar af voru fiskhausar rúm 6 þúsund tonn og afskurður var um 2 þúsund tonn.

**Mynd 20. Verðmæti aukaafurða 2000–2014**

*Figure 20. Value of by-products 2000–2014*



*Verðmæti aukaafurða riflega tvöfaldast frá árinu 2008*

Verðmæti þeirra aukaafurða sem færð voru í land á árinu 2015 nam tæpum 5 milljörðum króna, sem er svipað og á árinu áður. Mikil verðmætaaukning hefur orðið á aukaafurðum á undanförnum árum og hefur hún riflega tvöfaldast frá árinu 2008. Verðmætasta einstaka aukaafurðin var þorsklifur að verðmæti 952 milljónir króna, en næst því komu grálúðuhusar sem námu alls 909 milljónum króna. Verðmæti aukaafurða telst ekki með inni í heildaraflaverðmæti. Nánari tölur um aukaafurðir fiskvinnslu ársins 2014 er að finna í töflu 19 og í [veftöflum](#).

### **English summary**

The total catch of Icelandic fishing vessels in 2014 was 1077 thousand tonnes which is 286 thousand tonnes less than in 2013. The value of the catch amounted to 136 billion ISK and decreased by 11% from the previous year. The largest part of the catch was processed in the eastern part of the country, mainly pelagic species. The highest regional share of the demersal catch, 19,1% was processed in the capital area, mainly in Reykjavík. The main processing method for cod was freezing in land-based factories. Total value of by-products amounted to 5 billion in 2014. Value of by-products is not included in the total value of catch.

**Tafla 7. Aflí og aflaverðmæti íslenskra fiskiskipa 2013–2014**  
 Table 7. Catch and catch value of Icelandic vessels 2013–2014

	Tonn Tonnes		þús. kr. Thous. ISK	
	2013	2014	2013	2014
<b>Heildarafli Total catch</b>	<b>1.362.790</b>	<b>1.076.874</b>	<b>152.751.748</b>	<b>136.309.863</b>
<b>Botnfiskafli Demersal catch</b>	<b>453.936</b>	<b>423.303</b>	<b>93.103.993</b>	<b>92.026.097</b>
Þorskur Cod	236.051	237.756	47.340.790	53.040.199
Ýsa Haddock	45.471	35.814	12.097.020	10.336.181
Ufsi Saithe	57.416	46.051	9.804.793	7.872.049
Karfí Redfish	60.373	57.605	13.876.268	13.166.798
Úthafskarfi Oceanic redfish	8.617	2.436	2.136.591	584.024
Steinbútur Catfish	8.961	7.277	1.981.319	1.522.294
Hlýri Spotted catfish	2.626	2.150	681.517	513.887
Langa Ling	10.163	12.370	1.553.667	1.923.731
Blálanga Blue ling	2.768	1.585	387.498	221.782
Keila Tusk	4.959	4.991	564.530	604.817
Langhali Grenadier	86	36	8.945	2.809
Tindaskata Starry ray	1.739	1.625	62.125	46.244
Skötuselur Monk	1.500	1.181	793.812	622.734
Skata Skate	128	125	13.100	11.149
Lýsa Whiting	987	921	101.965	111.401
Gulllax Silver smelt	7.332	7.171	822.517	843.320
Háfur Spiny dogfish	6	16	594	3.910
Hákarl Greenland shark	6	24	26	1
Annar botnfiskur Other demersal	4.748	4.169	876.914	598.768
<b>Flatfiskafli Flatfish catch</b>	<b>25.236</b>	<b>19.237</b>	<b>9.840.522</b>	<b>7.072.558</b>
Lúða Halibut	40	47	30.174	34.082
Grálúða Greenland halibut	14.998	9.911	7.795.913	5.143.862
Skarkoli Plaice	5.979	5.928	1.084.224	1.158.111
Þykktvalúra Lemon sole	1.765	1.202	643.739	462.838
Langlúra Witch	1.162	1.179	178.692	184.608
Stórkjafta Megrim	375	327	41.452	46.834
Sandkoli Dab	708	504	50.692	32.900
Skrápflúra American plaice	208	137	15.460	9.203
Annar flatfiskur Other flatfish	0	0	176	120
<b>Uppsjávarafli Pelagic catch</b>	<b>869.343</b>	<b>623.247</b>	<b>45.338.706</b>	<b>33.498.112</b>
Síld Herring	65.407	101.368	4.129.236	5.955.430
Norsk-íslensk síld Norwegian spring-spawning herring	92.039	56.527	6.418.404	3.503.875
Loðna Capelin	442.780	105.736	15.635.292	3.217.821
Loðnuhragn Capelin roe	8.243	6.322	723.134	757.652
Kolmunni Blue whiting	107.053	182.777	3.028.776	4.746.422
Makrill Mackerel	153.815	170.458	15.402.745	15.263.526
Annar uppsjávarfiskur Other pelagics	5	58	1.120	53.386
<b>Skel- og krabbadyraafli Shellfish catch</b>	<b>14.275</b>	<b>11.086</b>	<b>4.468.496</b>	<b>3.713.067</b>
Humar Lobster	1.724	1.964	808.406	1.045.421
Rækja Shrimp	10.857	7.594	3.570.270	2.538.184
Kúfiskur Iceland cyprine	20	17	124	60
Önnur skel- og krabbadýr Other shellfish	1.675	1.511	89.696	129.402
<b>Annar afli Miscellaneous catch</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>31</b>	<b>28</b>

**Tafla 8. Afl og verðmæti afla eftir kvótaflokum skipa og heimahöfnum þeirra 2014**  
 Table 8. Catch and catch value by quota class of fishing vessel and home port of vessel 2014

Afl i tonnum Verðmæti í þús. kr.	Catch in tonnes				Króka-		
			Smábátar		aflamarks-		
	Samtals Total	Togarar Trawlers	Skip með aflamark aflamark	með aflamark Small boats with catch quota	bátar Hook and line boats with catch quota	Strand- veiði Costal- fisheries	Skip utan flokkja Other
<b>Landið allt Whole country</b>							
Aflí <i>Catch</i>	1.076.874	382.319	605.237	10.341	68.914	8.742	1.321
Verðmæti <i>Value</i>	136.309.863	61.628.180	53.612.849	2.244.442	16.127.852	2.325.229	371.311
<b>Höfuðborgarsvæði Capital region</b>							
Aflí <i>Catch</i>	114.988	71.791	37.449	457	4.544	376	371
Verðmæti <i>Value</i>	19.195.705	15.834.758	2.097.902	77.354	1.023.963	93.563	68.164
<b>Vesturland West</b>							
Aflí <i>Catch</i>	140.733	23.202	99.489	4.032	12.651	1.333	26
Verðmæti <i>Value</i>	19.086.654	4.508.527	10.370.747	905.525	2.946.132	351.062	4.662
<b>Vestfirðir Westfjords</b>							
Aflí <i>Catch</i>	49.583	13.685	16.011	705	16.658	2.210	314
Verðmæti <i>Value</i>	11.301.878	2.966.166	3.421.611	125.966	4.111.291	596.616	80.228
<b>Norðurland vestra Northwest</b>							
Aflí <i>Catch</i>	30.727	22.988	1.181	595	5.202	760	-
Verðmæti <i>Value</i>	6.927.746	4.940.201	308.218	148.545	1.326.403	204.379	-
<b>Norðurland eystra Northeast</b>							
Aflí <i>Catch</i>	182.503	120.103	50.782	1.898	8.220	1.493	9
Verðmæti <i>Value</i>	26.311.465	17.017.603	6.722.545	397.790	1.784.117	387.967	1.444
<b>Austurland East</b>							
Aflí <i>Catch</i>	301.409	49.925	241.422	1.288	6.904	1.870	-
Verðmæti <i>Value</i>	19.860.457	4.596.004	12.860.017	292.110	1.591.196	521.131	-
<b>Suðurland South</b>							
Aflí <i>Catch</i>	176.999	53.180	121.624	577	1.466	152	-
Verðmæti <i>Value</i>	17.116.301	5.888.940	10.739.350	111.329	340.968	35.713	-
<b>Suðurnes Southwest</b>							
Aflí <i>Catch</i>	79.331	27.444	37.280	790	13.267	548	1
Verðmæti <i>Value</i>	16.292.940	5.875.981	7.092.458	185.823	3.003.782	134.799	96

**Heimild** Source: Vigtarskýrslur. Weight reports.

**Tafla 9. Afl og verðmæti afla eftir tegund löndunar og heimahöfn skipa 2014**  
**Table 9. Catch and catch value by type of landing and home port of vessel 2014**

	Landið allt <i>Whole country</i>	Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>
<b>Heildaraflí í tonnum <i>Total catch in tonnes</i></b>	<b>1.076.874</b>	<b>114.988</b>
Til vinnslu innanlands <i>For domestic processing</i>	744.265	52.619
Í gáma til útflutnings <i>For export in containers</i>	13.412	1
Landað erlendis til bræðslu <i>Landed abroad for fishmeal and oil production</i>	1.506	-
Sjófryst <i>Frozen at sea</i>	237.609	58.785
Á markað, til vinnslu innanlands <i>To auction market, for domestic processing</i>	77.263	3.443
Á markað, í gáma til útflutnings <i>To auction market, for export in containers</i>	-	-
Sjófryst til endurvinnslu innanlands <i>Frozen at sea for domestic re-processing</i>	452	-
Fiskeldi <i>Farmed fish</i>	-	-
Aðrar löndurnartegundir <i>Other types of landings</i>	2.366	141
<b>Heildarverðmæti, þús. kr. <i>Value, thousand ISK</i></b>	<b>136.309.863</b>	<b>19.195.705</b>
Til vinnslu innanlands <i>For domestic processing</i>	67.441.203	4.441.616
Í gáma til útflutnings <i>For export in containers</i>	4.291.873	254
Landað erlendis til bræðslu <i>Landed abroad for fishmeal and oil production</i>	39.391	-
Sjófryst <i>Frozen at sea</i>	44.044.464	13.901.479
Á markað, til vinnslu innanlands <i>To auction market, for domestic processing</i>	19.710.233	815.787
Á markað, í gáma til útflutnings <i>To auction market, for export in containers</i>	-	-
Sjófryst til endurvinnslu innanlands <i>Frozen at sea for domestic re-processing</i>	198.465	-
Fiskeldi <i>Farmed fish</i>	-	-
Aðrar löndurnartegundir <i>Other types of landings</i>	584.234	36.569

Vesturland <i>West</i>	Vestfirðir <i>Westfjords</i>	Norðurland vestra <i>Northwest</i>	Norðurland eystra <i>Northeast</i>	Austurland <i>East</i>	Suðurland <i>South</i>	Suðurnes <i>Southwest</i>
<b>140.733</b>	<b>49.583</b>	<b>30.727</b>	<b>182.503</b>	<b>301.409</b>	<b>176.999</b>	<b>79.331</b>
110.980	32.430	13.104	77.527	267.009	138.473	51.961
1.289	14	-	423	1.742	9.873	26
-	-	-	1.506	-	-	-
7.872	5.168	13.349	90.871	23.078	18.793	19.693
19.860	11.387	4.172	11.952	9.487	9.713	7.216
-	-	-	-	-	-	-
-	94	-	-	-	-	-
-	-	-	-	-	-	-
733	490	103	224	93	148	434
<b>19.086.654</b>	<b>11.301.878</b>	<b>6.927.746</b>	<b>26.311.465</b>	<b>19.860.457</b>	<b>17.116.301</b>	<b>16.292.940</b>
10.981.092	6.627.788	2.395.873	9.882.527	13.625.890	9.716.622	9.737.206
471.108	2.756	-	138.170	589.368	3.071.184	7.537
-	-	-	39.391	-	-	-
2.141.335	1.411.492	3.338.787	13.332.366	3.275.236	2.003.130	4.640.638
5.295.199	3.109.960	1.171.510	2.873.983	2.347.271	2.291.675	1.796.195
-	-	-	-	-	-	-
-	34.482	-	-	-	-	-
-	-	-	-	-	-	-
197.919	115.399	21.575	45.027	22.691	33.689	111.364

**Tafla 10. Aflir eftir tegund löndunar og fisktegundum 2014**

Table 10. Catch by type of landing and species 2014

Tonn Tonnes	Samtals Total	Til vinnslu innanlands For domestic processing	Í gáma til útflutnings For export in containers	Landað erlendis til bræðslu Landed abroad for fishmeal and oil production
<b>Heildarafli Total catch</b>	<b>1.076.874</b>	<b>744.265</b>	<b>13.412</b>	<b>1.506</b>
<b>Botnfiskafli Demersal catch</b>	<b>423.303</b>	<b>242.020</b>	<b>12.601</b>	<b>2</b>
Þorskur Cod	237.756	166.998	2.205	-
Ýsa Haddock	35.814	14.916	2.116	-
Ufsi Saithe	46.051	24.555	136	-
Karfi Redfish	57.605	13.586	7.124	-
Úthafskarfi Oceanic redfish	2.436	-	-	-
Steinbítur Catfish	7.277	2.980	336	-
Hlýri Spotted catfish	2.150	371	26	-
Langa Ling	12.370	8.337	85	-
Blálanga Blue ling	1.585	410	132	-
Keila Tusk	4.991	3.425	9	-
Langhali Grenadier	36	-	6	-
Tindaskata Starry ray	1.625	1.265	-	-
Skötuselur Monk	1.181	208	72	-
Skata Skate	125	11	10	-
Lýsa Whiting	921	295	317	-
Gulllax Silver smelt	7.171	968	-	2
Háfur Spiny dogfish	16	1	14	-
Hákarl Greenland shark	24	24	-	-
Annar botnfiskur Other demersal	4.169	3.671	12	-
<b>Flatfiskafli Flatfish catch</b>	<b>19.237</b>	<b>3.955</b>	<b>811</b>	<b>0</b>
Lúða Halibut	47	14	0	-
Grálúða Greenland halibut	9.911	509	19	-
Skarkoli Plaice	5.928	1.640	607	-
Þykvalúra Lemon sole	1.202	433	159	-
Langlúra Witch	1.179	803	13	-
Stórkjafta Megrim	327	174	12	-
Sandkoli Dab	504	323	0	-
Skrápflúra American plaice	137	59	-	-
Annar flatfiskur Other flatfish	0	0	0	-
<b>Uppsjávarafli Pelagic catch</b>	<b>623.247</b>	<b>488.066</b>	<b>0</b>	<b>1.505</b>
Síld Herring	101.368	72.921	-	-
